

Reykjavík, 08.04.2016

Til eigenda og stjórnarmanna OR

Efni: Fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur 2016

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn mánudaginn 18. apríl n.k. kl. 13:00 á efri hæð veitingastaðarins lðnó við Vonarstræti í Reykjavík. Minnt er á að opinn ársfundur OR verður haldinn í lðnó að loknum aðalfundi, eða kl. 14:00 sama dag.

Dagskrá aðalfundar OR:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
2. Umhverfisskýrsla um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
3. Ársreikningur OR fyrir liðið reikningsár, ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins, sem lagður er fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
6. Lýst kjöri stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Staðfesting endurskoðaðrar áhættustefnu OR, sem frestað var á eigendafundi 26.11. 2015.
9. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings OR er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds OR. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn OR, forstjóri, endurskoðendur OR og eigenda og formaður Starfsmannafélags OR.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings OR skal stjórn OR skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

Virðingarfyllst,

Haraldur Flosi Tryggvason,
stjórnarformaður